



## Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2025

### 1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Skaftárhreppi er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Skaftárhreppi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri  
eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

### 3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði sem nefnd eru í 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

### 4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 90.300 á árinu 2025. Afsláttur er reiknaður til bráðabirgða við upphafsálagningu og er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2023. Hámarks afsláttarupphæð við upphafsálagningu er 45.150 kr. Þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2024 verður afsláttur endurskoðaður og leiðréttur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

### 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- a) með tekjur allt að 4.288.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur yfir 5.782.000 kr. enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) með tekjur allt að 5.580.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur yfir 7.556.000 kr. enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.



**6. gr.**

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er sveitarstjóra heimilt að víkja frá 2. og 4 gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- b) ef um skyndilega örorku er að ræða, sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að þrjú ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

Lækkun samkvæmt þessari grein skal staðfest af sveitarstjórn.

**7. gr.**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps endurskoðar tekjumörk og afsláttarupphæð í október ár hvert.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, þann 19. október 2023.

Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri

